


FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2017 OG FIMM ÁRA ÁÆTLUN 2017 - 2021

Í dag var lagt fram í borgarstjórn frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 og fimm ára áætlun 2017 – 2021.


A hluti Reykjavíkurborgar: Batnandi afkoma og sterkar stoðir

Árið 2017 er áætluð rekstrarniðurstaða borgarsjóðs (A-hluti) jákvæð um 1,8 milljarða. Til samanburðar má geta þess að afkoma A-hluta var neikvæð sem nemur 13,6 milljörðum árið 2015 en útkomuspá ársins 2016 gerir ráð fyrir rekstrarafgangi að fjárhæð 241 mkr. Rekstrarniðurstaða A-hluta hefur sveiflast mikið á síðustu árum, m.a. vegna kjarasamninga árin 2014-2015 og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar.

Árin 2017-2021 er gert ráð fyrir stigbatnandi afkomu. Á þessu tímabili er afkoman studd af tekjum af söluhagnaði og sölu byggingarréttar, sem nema á bilinu 3,7 ma.kr. til 4,4 ma.kr. ár hvert. Með styrkingu rekstrar í fimm ára áætlun verður rekstur minna háður þessum tekjum og þar með sjálfbærari þegar horft er til lengri tíma.




Fjárhagur A-hluta er sterkur. Skuldahlutfall borgarinnar er langt fyrir neðan viðmiðun sveitarstjórnarlaga. Árin 2016-2018 er gert ráð fyrir nokkuð stöðugu skuldahlutfalli og að það lækki síðan í jöfnum skrefum til ársins 2021. Lækkun skuldahlutfalls á áætlunartímabilinu er drifin áfram af hækkun tekna líkt og gildir um lækkun skuldahlutfalls samstæðu. Athygli er vakin á því að árið 2015 hækkaði skuldahlutfall A-hluta úr 77,1% í 88,6% aðallega vegna hækkunar lífeyrisskuldbindinga.



Samstæða Reykjavíkurborgar: Góð afkoma á næstu árum

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 er áætluð jákvæð um 15,2 milljarða og jákvæð um 20,5 mkr fyrir fjármagnsliði. Góðan afgang má einkum rekja til Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. vegna matsbreytinga fjárfestingaegna félagsins. Til samanburðar má geta þess að halli var á samstæðunni um 5,0 milljarðar árið 2015 en í útkomuspá ársins er gert ráð fyrir um 15,6 milljarða afgangi. Þessi viðsnúningur í rekstri skýrist fyrst og fremst af áhrifum reiknaðra liða. Gert er ráð fyrir stigbatnandi afkomu til ársins 2021 eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Nettó fjármagnsgjöld eru áætluð um 2,9 mkr árið 2017 og lækka töluvert miðað við árið 2016 en þau voru þá um 9,1 ma.kr. Nettó fjármagnsgjöld A-hluta eru áætluð um 1,1 mkr og nettó fjármagnsgjöld OR um 3,2 mkr. Á móti vegur að áætlað er að fjármagnsliður Félagsbústaða verði jákvæður um 2,7 mkr sem má einkum rekja til gangvirðisbreytinga á fjárfestingaignum umfram vexti og verðbætur af skuldum félagsins.




Samanlögð þriggja ára rekstrarniðurstaða samstæðu án Orkuveitu Reykjavíkur, sem er það viðmið sem Eftirlitsnefnd sveitarfélaga horfir til mat á fylgni borgarinnar við jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga, er við jafnvægi tímabilið 2015-2017. Frá og með 2016-2018 styrkist niðurstaðan töluvert þegar áhrifa 14,6 mkr gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar A-hluta gætir ekki lengur.

Rekstrarniðurstaða samstæðu borgarinnar þar sem Orkuveitan er meðtalin er jákvæð fyrir öll þriggja ára tímabilin.



Skuldahlutfall samstæðu án Orkuveitu Reykjavíkur, sem Eftirlitsnefnd sveitarfélaga horfir til við mat á fylgni Reykjavíkurborgar við skuldareglu sveitarstjórnarlaga, er innan við 150% allt tímabilið eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd. Skuldahlutfall að Orkuveitunni meðtalinni er við 150% árið 2020 en fer undir það árið 2021. Lækkun skuldahlutfalls er drifin áfram af hækkun tekna.



Fjárfestingar í samstæðu og A-hluta


Gert er ráð fyrir töluvert meiri fjárfestingum í samstæðu á áætlunartímabilinu en verið hefur undanfarin ár. Fjárfestingar aukast úr 14,6% af tekjum í 23,6% af tekjum frá árinu 2015 og til ársins 2018 en lækka síðan aftur í 12% af tekjum. Gert er ráð fyrir að brúttó fjárfestingar A-hluta verði 15,1 milljarður árið 2017 og samtals 51 mkr á tímabilinu 2018-2021. Fjárfestingar B-hluta eru áætlaðar tæpur 21 milljarður árið 2017, mestar hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústöðum.

Helstu áherslur í fjárfestingum A-hluta í fasteignum varða uppbyggingu í Úlfarsárdal og Reynisvatnsás þar sem unnið er að skipulagningu nýrra hverfa norðan og vestan við núverandi byggð. Í aðalskipulagi er m.a. lögð áhersla á þéttingu byggðar og miðar deiliskipulag að byggingu fjölbýlishúsa og fjöleignarhúsa með fjölbreytilegri samsetningu íbúða sem þjóna ólíkum hópum og styðja þannig við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar. Deiliskipulag gerir m.a. ráð fyrir því að á Kirkjusandi rísi blönduð

byggð og unnið er að undirbúningi uppbyggingar í Vogabyggð, má vænta þess að verkframkvæmdir hefjist á árinu 2017.

Fjárfestingar brúttó (mkr)	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
A hluti	6.785	7.249	8.172	9.455	10.201	15.128	16.439	13.193	11.458	9.688
Orkuveitan	3.201	3.530	5.761	10.436	13.231	14.318	16.504	13.928	14.776	11.636
Faxaflóahafnir	1.080	869	1.014	932	1.863	1.855	2.065	1.748	1.380	1.092
Félagsbústaðir	757	491	842	2.414	1.733	2.473	3.242	6.458	3.816	1.471
Sorpa	162	231	197	246	295	1.135	2.076	458	196	300
Strætó	87	409	643	373	410	340	320	320	200	0
Önnur fyrirtæki og innri færslur	168	-575	531	-326	176	720	210	180	193	198
Fjárfestingar brúttó	12.240	12.204	17.160	23.530	27.908	35.968	40.856	36.284	32.019	24.384
Hlutfall af tekjum	10,2%	9,4%	12,9%	16,3%	18,0%	22,2%	23,6%	19,7%	16,6%	12,0%

Veltufé frá rekstri lýsir svigrúminu sem samstæða hefur til fjárfestinga og til að greiða niður skuldir og skuldbindingar. Undanfarin ár hafa fjárfestingar í samstæðunni verið töluvert undir veltufé frá rekstri sem hefur skapað umtalsvert olnbogaráými til niðurgreiðslu skulda. Svigrúm til niðurgreiðslu skulda minnkar árin 2016-2018 vegna aukinna fjárfestinga en eykst svo aftur frá og með árinu 2019.



Sjá meðfylgjandi Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2017 og fimm ára áætlun -2021 ásamt greinargerð.